

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. nóvember 2010 í máli nr. X-33/2010:

HB Grandi hf.

(Hlynur Halldórsson hdl.)

gegn

Landsbanka Íslands hf., aðalstöðvum

(Sölvi Davíðsson hdl.)

Mál þetta sem tekið var til úrskurðar 7. október sl., var þingfest 9. apríl 2010.

Sóknaraðili er HB Grandi hf., Reykjavík.

Varnaraðili er Landsbanki Íslands hf.

Sóknaraðili krefst þess að hnekkð verði þeirri ákvörðun slitastjórnar varnaraðila að hafna afhendingu á EUR 6.187,50 til sóknaraðila (krafa nr. 1139 á kröfulýsingarskrá) og að krafa sóknaraðila um afhendingu á EUR 6.187,50 verði viðurkennd utan skuldaraðar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð varnaraðila, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, með áorðnum breytingum.

Til vara krefst sóknaraðili þess að krafa hans að fjárhæð EUR 6.187,50 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 22. apríl 2009 til greiðsludags verði viðurkennd sem búskrafa samkvæmt 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð varnaraðila, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, með áorðnum breytingum.

Til þrautavara krefst sóknaraðili þess að krafa hans að fjárhæð EUR 6.187,50 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 22. apríl 2009 til greiðsludags verði viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð varnaraðila, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, með áorðnum breytingum.

Sóknaraðili krefst í öllum tilvikum málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu að mati dómsins.

Málsatvik

Mál þetta á rætur að rekja til viðskipta sóknaraðila við félagið JCS Polivektris í Litháen vegna kaupa þess félags á vörum frá sóknaraðila. Vegna þessara viðskipta gaf sóknaraðili út tvo reikninga. Annar reikningurinn er nr. R073841 og er útgefinn 2. júní 2008 en hinn reikningurinn er nr. R073849 og er útgefinn 19. júní s.á. Samanlögð fjárhæð reikninganna er EUR 6.047,50.

Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir starfsemi varnaraðila samkvæmt heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Fjármálaeftirlitið skipaði þá skilanefnd til að taka við stjórn varnaraðila. Nýi Landsbanki Íslands hf. (nú NBI hf.) var stofnaður og voru innlendar eignir varnaraðila og helstu eignir hans sem tengdust innlendri starfsemi hans fluttar yfir til nýja bankans með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008.

Varnaraðili var með greiðslumiðlunarreikning í evrum hjá Fortis Banque S.A. í Belgíu.

Seðlabanki Íslands birti frétt 16. október 2008 þar sem m.a. kom fram að bankinn hefði ástæðu til að ætla að greiðslur sem ættu að koma frá erlendum aðilum til íslenskra banka yrðu stöðvaðar á leiðinni og að bankinn hefði lýst því yfir við erlendar lánastofnanir að hann tryggði að allar greiðslur sem bankar sendu um reikninga Seðlabanka Íslands á reikninga innlendra lánastofnana myndu skila sér til eigenda reikninga í viðkomandi lánastofnunum. Í kjölfar fréttar Seðlabankans, eða hinn 17. október 2008, sendi NBI hf. tölvupóst til sóknaraðila (Óskar Sölvason@hbgrandi.is), „uppfærður listi v/Settlements insructions“ með viðhengi þar sem fram komu m.a. upplýsingar um nýjan greiðslumiðlunarreikning vegna viðskipta í evrum hjá Dresdner Bank AG í Þýskalandi.

Hinn 21. október 2008 sendi varnaraðili tilkynningu til Fortis banka þar sem gefin voru þau fyrirmæli að taka ekki við innborgunum á greiðslumiðlunarreikninginn. Í framburði Auðar Bjarnadóttur, starfsmanns varnaraðila fyrir dómi kom fram að skeyti sama efnis hefði verið sent á alla banka þar sem Landsbanki Íslands hafði átt greiðslumiðlunarreikninga, með beiðni um að greitt yrði á aðra greiðslumiðlunarreikninga í gegnum Seðlabanka Íslands.

Varnaraðili sendi bankanum ítrekanir sama efnis 20. nóvember 2008 og 4. júní 2009.

Það var ekki fyrr en 29. september 2009 sem JCS Polivektris greiddi höfuðstól reikninga þeirra er sóknaraðili hafði gefið út, inn á umræddan reikning í Fortis banka. Þegar varnaraðili fékk tilkynningu um greiðsluna sendi hann tilkynningu til Fortis banka þar sem móttöku var hafnað og óskað eftir því að greiðslunni yrði skilað til sendanda hennar, JCS Polivektris.

Sóknaraðili lýsti kröfu að höfuðstólsfjárhæð EUR 6.047,50 vegna þessarar greiðslu sem móttækin var hjá varnaraðila 30. október 2009. Slitastjórn varnaraðila hafnaði kröfu sóknaraðila og var bréf þess efnis sent lögmanni sóknaraðila 13. nóvember 2009. Sóknaraðili mótmælti afstöðu slitastjórnar varnaraðila með bréfi dagsettu 16. nóvember 2009. Mótmæli sóknaraðila voru bókuð á skiptafundi varnaraðila 23. nóvember 2009. Fundur var haldinn 25. janúar 2010 vegna ágreinings um afstöðu slitastjórnar varnaraðila til viðurkenningar á kröfu sóknaraðila. Fundinum var framhaldið þann 8. mars 2010 en ekki tókst að jafna ágreining aðila á þeim fundi. Ákvað slitastjórn varnaraðila því með vísan til 2. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991 að beina ágreiningsefninu til Héraðsdóms Reykjavíkur eftir ákvæðum 171. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Aðalkrafa sóknaraðila er á því byggð að krafa hans á hendur varnaraðila sé sértökukrafa um peningaeign í þrotabúið, samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Framlagðir vörureikningar sýni með óyggjandi hætti eignarrétt sóknaraðila að umkrafinni fjárhæð. Varnaraðila beri í starfsemi sinni og skipulagi að halda fé í eigu viðskiptavina sérgreindu og aðskildu frá eigin fé og skuldbindingum varnaraðila við aðra aðila, s.s. gagnvart öðrum fjármálafyrirtækjum.

Sóknaraðili bendir á að hin umkrafaða fjárhæð hafi verið greidd inn á bankareikning í eigu varnaraðila og skráðum á nafn hans hjá Fortis banka, 29. september 2009. Féð sé því í vörslu varnaraðila og beri honum að standa skil á því til sóknaraðila. Varnaraðili sé skráður eigandi og prókúruhafi reikningsins og geti ráðstafað fjármunum á reikningnum. Samskipti varnaraðila við Fortis banka breyti þar engu um, enda hafi varnaraðili ekki látið loka umræddum reikningi.

Sóknaraðili byggir á því að meintur ágreiningur varnaraðila við Fortis banka sé honum óviðkomandi. Varnaraðila sé skylt að skila fjármunum í eigu sóknaraðila, sem varnaraðili hafi tekið við, til sóknaraðila.

Sóknaraðili mótmælir því að hafa nokkru sinni tekið við fyrirmælum frá varnaraðila um að nota ekki umræddan reikning í Fortis banka. Fullyrðingar varnaraðila virðist byggja á skeyti sendu af NBI hf., dagsettu 27. nóvember 2008, en ekkert verði ráðið af efni þess að hverjum því skeyti hafi verið beint. Ljóst sé hins vegar að það hafi hvorki verið stílað á sóknaraðila né JCS Polivektris. Eftir sem áður hafi umræddur reikningur varnaraðila verið opinn. Þegar varnaraðili hafi fengið tilkynningu um að greitt hafi verið inn á umræddan reikning hafi varnaraðili haft samband við Fortis banka, sem hafi tekið við greiðslunni, og hafnað henni sem ógildri, enda tæki varnaraðili ekki við greiðslum á reikninginn. Sóknaraðili

mótmælir efni SWIFT skeyta sem lögð hafi verið fram af hálfu varnaraðila, enda sé óljóst með öllu hvernig þau varpi ljósi á málið. Varnaraðili sé bankastofnun sem hefði án frekari tafa átt að loka umræddum reikningi en svo hafi ekki verið gert. Varnaraðili verði að bera hallann af því.

Varnaraðili haldi því fram að JCS Polivektris sé réttur aðili til að fá greiðsluna, en ekki sóknaraðili, en þeirri afstöðu mótmæli sóknaraðili. Um leið og JCS Polivektris hafi greitt fjárhæð reikninganna inn á reikning varnaraðila í Fortis banka hafi JCS Polivektris efnt skyldur sínar gagnvart sóknaraðila. Féð hafi þannig verið komið í vörslur varnaraðila sem hafi borið að koma fénu til eiganda þess og viðtakanda sem sé sóknaraðili.

Varakrafa sóknaraðila byggir á því að krafa hans njóti stöðu samkvæmt 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, enda hafi umrædd fjárhæð verið greidd inn á reikning í eigu varnaraðila hjá Fortis banka eftir að slitameðferð varnaraðila hafi byrjað. JCS Polivektris hafi greitt inn á framangreindan reikning varnaraðila 29. september 2009, um fimm mánuðum eftir að varnaraðili hafi verið tekinn til slitameðferðar. Þá hafi umræddur reikningur varnaraðila hjá Fortis banka enn verið opinn og hafi JCS Polivektris greitt inn á reikninginn í góðri trú. Varnaraðili hafi hvorki lokað reikningnum né gefið sóknaraðila fyrirmæli um að ekki skyldi nota umræddan reikning. Í þessu felist bótaskyld athafnaleysi varnaraðila. Lítið sem ekkert verði ráðið af efni SWIFT skeyta eða hvernig þau eða efni þeirra tengist máli þessu. Ekki komi fram hver sé móttakandi umræddra skeyta eða hvenær þau hafi verið send. Framangreind bótakrafa njóti stöðu samkvæmt 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 þar sem hún hafi orðið til eftir uppkvaðningu úrskurðar um töku varnaraðila til slitameðferðar 22. apríl 2009.

Þrautavarakrafa sóknaraðila er reist á því að kröfu sem lýst sé í þrotabú og sem ekki falli undir 109.-112. gr. laga nr. 21/1991 teljist almenn krafa samkvæmt 113. gr. sömu laga.

Sóknaraðili segir fjárhæð kröfunnar miðast við stöðu hennar 29. september 2009, þegar JCS Polivektris hafi millifært fjárhæðina. Auk þess sé krafist áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar er síðar kunnari að falla á kröfuna frá úrskurðardegi. Sé þeim kröfum einnig lýst sem sértökukröfum samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 gagnvart aðalkröfu. Þá sé krafist áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar er síðar kunnari að falla á kröfuna frá úrskurðardegi. Sé þeim kröfum einnig lýst sem kröfum samkvæmt 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 gagnvart varakröfu og þrautavarakröfu.

Um lagarök vísar sóknaraðili til lögfesta og ólögfesta reglna kröfuréttar og kauparéttar. Þá vísar sóknaraðili til ákvæða laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., ákvæða kaupalaga nr. 50/2000 og ákvæða samningalaga nr. 7/1936.

Málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili mótmælir því í fyrsta lagi að sóknaraðili eigi fjárkröfu á hendur sér. Óumdeilt sé að varnaraðili hafi verið viðskiptabanki sóknaraðila á þeim tíma þegar sóknaraðili gaf út reikninga vegna viðskipta félagsins við JCS Polivektris. Einnig sé óumdeilt að JCS Polivektris hafi ekki greitt reikningana á gjalddögum þeirra,

þ.e. 2. og 19. júlí 2008. Greiðsla vegna reikninganna hafi ekki verið send inn á greiðslumiðlunarreikning varnaraðila hjá Fortis banka fyrr en um 14 mánuðum eftir gjalddaga þeirra, þ.e. 29. september 2009. Varnaraðili mótmælir því að hann hafi verið viðskiptabanki sóknaraðila þegar JCS Polivektris hafi loks greitt umrædda reikninga. Í millitíðinni, eða 7. október 2008, hafi Fjármálaeftirlitið tekið yfir starfsemi varnaraðila og skipað bankanum skilanevnd og síðan stofnað nýjan banka, NBI hf., sem hafi tekið við innlendri starfsemi varnaraðila, þ.á m. greiðslumiðlun fyrir sóknaraðila. NBI hf. hafi þá tekið við hlutverki varnaraðila sem viðskiptabanki sóknaraðila og tilkynnt sóknaraðila um nýjan greiðslumiðlunarreikning 17. október 2008 sem sóknaraðili hafi notfært sér í viðskiptum sínum frá þeim tíma. Þá hafi varnaraðili a.m.k. í þrígang áður en JCS Polivektris sendi greiðslu til Fortis banka gefið bankanum fyrirmæli um að taka ekki við innborgunum inn á greiðslumiðlunarreikning varnaraðila hjá Fortis.

Varnaraðili mótmælir því með vísan til framangreinds að sóknaraðili eigi fjárkröfu á hendur sér. Það sé greiðandinn JCS Polivektris og/eða sóknaraðili sjálfur sem sé réttur aðili til að fá greiðsluna leiðrétta hjá Fortis banka sem hafi haldið greiðslunni eftir, að því er virðist, með ólögumætum hætti og sé kröfunni ranglega beint að varnaraðila, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af gögnum málsins verði ekki ráðið að JCS Polivektris eða sóknaraðili hafi átt í samskiptum við Fortis banka vegna málsins eða hafi reynt að ná slíkri leiðréttingu fram. Varnaraðili hafi hins vegar ítrekað sent Fortis banka fyrirmæli um að taka ekki við greiðslum inn á umræddan reikning og óskað eftir leiðréttingu á millifærslunni. Þá hafi greiðslan átt sér stað um 14 mánuðum eftir gjalddaga krafna og tæpu ári eftir að NBI hf. hafi tekið yfir eignir og skuldbindingar varnaraðila. Þá verði ekki ráðið af gögnum málsins að sóknaraðili hafi sent viðskiptamönnum sínum, þ.á m. JCS Polivektris, tilkynningu með nýjum greiðslufyrirmælum til samræmis við tilkynningu NBI hf. um nýjan greiðslumiðlunarreikning. Þá megi ljóst vera að ef ekki hefði komið til greiðsludráttar af hálfu JCS Polivektris hefði varnaraðili getað sinnt hlutverki sínu sem greiðslumiðlunarbanki með því að skila greiðslunni til sóknaraðila í júlí 2008.

Í öðru lagi mótmælir varnaraðili því að honum verði gert að greiða sóknaraðila kröfuna utan skuldaraðar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991. Hinir umkröfðu fjármunir séu í vörslu Fortis banka en ekki varnaraðila og eigi sóknaraðili því ekki sérgreindan eignarrétt í ákveðinni peningafjárhæð í vörslu varnaraðila. Skilyrði fyrir greiðslu utan skuldaraðar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 séu því ekki uppfyllt.

Í þriðja lagi mótmælir varnaraðili kröfu sóknaraðila um réttthæð samkvæmt 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt ákvæðinu teljist til búskrafna kröfur sem orðið hafi til á hendur þrotabúi eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um töku búsins til gjaldþrotaskipta með samningum skiptastjóra eða vegna tjóns sem búið baki öðrum. Varnaraðili mótmælir því að kröfu sóknaraðila megi rekja til samninga slitastjórnar varnaraðila eða bótaskyldrar háttsemi hennar. Varnaraðili mótmælir þeirri staðhæfingu sóknaraðila að varnaraðili hafi hvorki látið loka umræddum reikningi né gefið sóknaraðila fyrirmæli um að ekki skyldi nota reikninginn vegna erlendra greiðslna og að í því hafi falist bótaskyld athafnaleysi af hálfu varnaraðila. Varnaraðili hafi ítrekað sent fyrirmæli til Fortis banka vegna greiðslumiðlunarreiknings varnaraðila í evrum hjá bankanum um að taka ekki við innborgunum inn á reikninginn og NBI hf. hafi tilkynnt sóknaraðila um breyttan

greiðslumiðlunarreikning vegna viðskipta í evrum. Hafi sóknaraðili orðið fyrir tjóni megi rekja það til þess athafna- og gáleysis sóknaraðila að tilkynna ekki JCS Polivektris um breyttan greiðslumiðlunarreikning til að inna greiðslu sína af hendi.

Verði talið að sóknaraðili eigi lögvarða kröfu á hendur varnaraðila sé þess krafist að hún njóti stöðu almennrar kröfu í réttindaröð samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Um þetta vísar varnaraðili til fyrrgreindra málsástæðna.

Um lagarök vísar varnaraðili til meginreglna kaupa- og kröfuréttar. Þá vísar varnaraðili til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Málskostnaðarkrafa varnaraðila er byggð á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Varnaraðili heldur því fram að sýkna beri hann af kröfum sóknaraðila vegna aðildarskorts, þar sem sóknaraðili eigi ekki fjárkröfu á hendur sér.

Gjalddagar þeirra reikninga er sóknaraðili gaf út á hendur JCS Polivektris voru 2. og 19. júlí 2008. Á þeim tíma var varnaraðili viðskiptabanki sóknaraðila og fóru greiðslur í evrum í gegnum greiðslumiðlunarreikning varnaraðila hjá Fortis banka. Fyrirtækið JCS Polivektris greiddi reikningana hins vegar ekki fyrr en 29. september 2009 og fór greiðslan í gegnum fyrrgreindan greiðslumiðlunarreikning varnaraðila hjá Fortis banka. Þá þegar hafði Fjármáleftirlitið tekið yfir starfsemi varnaraðila og komið á laggirnar nýjum banka, NBI hf. sem m.a. hafði tekið yfir greiðslumiðlun fyrir sóknaraðila. Hafði hinn nýi banki tilkynnt sóknaraðila um nýjan greiðslumiðlunarreikning með tölvuskeyti, 17. október 2008. Þá liggur fyrir í málinu að varnaraðili hafði ítrekað áður en greiðslan fór frá JCS Polivektris inn á greiðslumiðlunarreikning inn í Fortis banka, gefið bankanum fyrir mæli um að taka ekki við innborgunum inn á greiðslumiðlunarreikning í þeim banka.

Fyrir liggur að greiðsla sú sem viðsemjandi sóknaraðila, JCS Polivektris, greiddi inn á greiðslumiðlunarreikninginn, hefur ekki verið áframgreidd til varnaraðila. Greiðslunni virðist vera haldið inni á greiðslumiðlunarreikningnum í Fortis banka, án þess að varnaraðili fái nokkuð að gert og þrátt fyrir að ítrekað hafi verið farið fram á það við Fortis banka að bankinn tæki ekki við innborgunum á greiðslumiðlunarreikning varnaraðila. Þegar framangreint er virt verður að telja að kröfu sóknaraðila sé ranglega beint að varnaraðila, Landsbanka Íslands hf., og verður að sýkna hann af kröfum sóknaraðila með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila 300.000 krónur í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, HB Granda hf., er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Landsbanka Íslands hf., 300.000 krónur í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir